

Ed.

321. Breytingartillögur

við frv. til laga um sölu og flutning á kartöflum.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. Við 1. gr.

a. 1. málsg. orðist svo:

Heimilt er landbúnaðarráðherra að leggja fyrir innflutningsnefnd að takmarka veitingar leyfa til innflutnings á kartöflum, að undan- genginni rannsókn á markaðshæfum kartöflubirgðum í landinu, sem öruggt er um, að boðnar verða til sölu í bæjum og kaupúnum landsins.

b. 2. málsg. falli niður.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fela Búnaðarfélagi Íslands að safna skýrslum um það kartöflumagn, er framleiðendur óska að selja af upp- skeru hvers árs, svo og um það, á hvaða tíma kartöflurnar geta verið til- búnar til flutnings á markaðsstaði og til hvaða markaðsstaðar framleið- andi óskar að selja.

Skýrslusöfnunin skal einnig ná til kartöfluframleiðenda í bæjum og kaupúnum, hvort sem þeir selja að nokkru framleiðslu sína, eða hún er framleidd til eigin notkunar, svo full vitneskja fáiast um kartöflubirgðirnar.

Skýlt er þeim mönnum, er Búnaðarfélag Íslands leitar til í þessum efnum, að gefa umbeðnar skýrslur, svo fljótt sem við verður komið.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, hvaða skilyrðum innlendar og erlendar kartöflur skuli fullnægja, til þess að geta talizt markaðshæfar, jafnvel þótt ekki sé notuð heimild 1. gr. Skal heilbrigðisstjórninni falin umsjón þessara framkvæmda án aukins kostnaðar fyrir framleiðendur eða neytendur. Í reglugerð má ennfremur ákveða:

a. Að allar kartöflur, sem afgreiddar eru til sölu, nema beint til neytanda sé, skuli merktar upprunamerki, en í því felst meðal annars nafn sýslu, sveitarfélags, kaupúns eða bæjar, útflutningshafnar, ef flutningur fer fram sjóleiðis, kartöflutegund og þyngd. Allt þetta sé letrað á spjald, er sé fest við hvern kartöflupoka.

b. Um alla meðferð á kartöflum í flutningi á sjó og landi og umbúðir þeirra, um geymslustaði, þar sem heildverzlun á sér stað og geymsla á kartöflum um lengri tíma.

c. Um mat á þeim kartöflum, sem ekki eru seldar af framleiðanda beint til neytanda, er tryggi neytendum, að einungis séu seldar góðar og óskemmdar kartöflur, jafnt innlendar sem erlendar.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að setja hámarksverð á innlendar og erlendar kartöflur.

4. Á eftir 3. gr. kemur ný gr., sem verður 4. gr., svo hljóðandi (greinatalan breytist samkv. því):

Nú telur atvinnuáráðherra nauðsynlegt að takmarka innflutning á kartöflum, og skal þess þá gætt, að samanlagðar innlendar birgðir og innflutningur fullnægi þörf bæja og kaupúna á hverjum tíma, miðað við neyzlu tveggja undanfarandi ára.

5. Fyrirsögn frv. hljóði svo:

Fr. til laga um eftirlit með sölu á innlendum og erlendum kartöflum.